



Ísafjarðarbær
Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Suðureyri 31.okt 2022

Umsókn um niðurfellingu á gatnagerðagjaldi við tilbúna götu.

Undirritaður er íbúi í húsi við Brekkustíg 7 á Suðureyri sem nýlega var byggt sem einbýlishús. Þegar húsið var byggt var ekki aðgengi að húsinu svo gatnagerð við götuna var alfarið greidd af undirrituðum. Eftir að gatan var endurgerð í fullum gæðum breytti Ísafjarðarbær skipulagi Suðureyrarmala og kom þá ný lóð, Brekkustígur 5 við enda götunnar. Núna hefur undirritaður fengið samþykktar teikningar og byggingaráform um að byggja einnig á lóðinni Brekkustíg 5.



Í kjölfarið kom reikningur að upphæð 5,6 milljónir fyrir gatnagerðargjöld fyrir götu sem ég hef nú þegar greitt fyrir að láta gera. Einnig er átak í gangi hjá Ísafjarðarbæ að leyfa íbúum sveitarfélagsins að byggja við þegar tilbúna götur. Það er því mín ósk að jafnræðis verði gætt og að gjöld fyrir gatnagerð verði felld niður af lóðinni við Brekkustíg 5 á Suðureyri.

Virðingafyllst

Elías Guðmundsson
Brekustíg 7
430 Suðureyri